

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 24. júlí 1979

um breytingu á tilskipun 74/150/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum

(79/694/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tiltekinn búnaður í dráttarvélum eða hlutar sem mynda aðskildar tæknieiningar eru nú þegar á markaði ýmist einir sér eða áfestir við dráttarvélar. Ef unnt er að prófa slíkan búnað eða hluta áður en þeim er komið fyrir í dráttarvélinni er mögulegt að greiða fyrir frjálsum flutningum með því að taka einnig upp EBE-gerðarviðurkenningu fyrir þessar aðskildu tæknieiningar.

Því er æskilegt að bæta án tafar við tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum ⁽³⁾ ákvæðum þar sem mælt er fyrir um slíka gerðarviðurkenningu.

EBE-gerðarviðurkenning á aðskildum tæknieiningum sem settar eru í dráttarvél einfaldar gerðarviðurkenningu dráttarvéla, með því að komist er hjá því að endurtaka ýmsar prófanir. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir því, þegar EBE-gerðarviðurkenning á aðskildum tæknieiningum er veitt, að setja megi takmarkanir á notkun þeirra og/eða skilyrði fyrir ísetningu.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 127, 21. 5. 1979, bls. 80.

⁽²⁾ Álit var skilað 22. og 23. maí 1979 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

Ætíð skal vera unnt að laga sértilskipanirnar að framförum í framleiðslu aðskilinna tæknieininga. Beita skal þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar ráðsins 74/150/EBE.

Tæknilegar kröfur varðandi athafnarymi ökumanns og glugga á dráttarvélum eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki án tafar sömu kröfurnar, annaðhvort til viðbótar eða í stað gildandi reglna.

Eftirlit með því að ákvæði varðandi þessar kröfur séu haldin skal framkvæma við gerðarviðurkenningu á hverri dráttarvélargerð sem kveðið er á um í tilskipun 74/150/EBE. Því er nauðsynlegt að bæta við þá tilskipun nauðsynlegum tilvísunum í I. viðauka (Fyrirmynd að upplýsingaskjali) og II. viðauka (Fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningavottorði).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 74/150/EBE:

a) Eftirfarandi bætist við 9. gr.:

„9. gr. a

1. Sé beinlínis gert ráð fyrir því í sértilskipunum má einnig veita tilteknum kerfum eða hlutum dráttarvéla sem mynda aðskildar tæknieiningar EBE-gerðarviðurkenningu.

2. Ef tæknieining sem veita á gerðarviðurkenningu gegnir hlutverki sínu eða hefur tiltekna virkni einungis í tengslum við aðra íhluta dráttarvélar og því einungis unnt að staðfesta að hún sé í samræmi við kröfurnar sem um hana gilda þegar hún er tengd öðrum einungum í dráttarvél, hvort sem þær eru frumgerð eða eftirlíkingar, takmarkast gildi EBE-gerðarviðurkenningar á tæknieiningu af því. Í því tilviki skulu allar takmarkanir á notkun tilgreindar í EBE-gerðarviðurkenningavottorðinu fyrir aðskilda tæknieiningu og enn fremur hvaða skilyrði eru sett fyrir ísetningu. Staðfesta ber að takmarkanir og skilyrði þessi hafi verið virt um leið og EBE-gerðarviðurkenning fyrir viðkomandi dráttarvél er veitt.

3. Ákvæði 3. - 9. gr. og 14. gr. gilda á hliðstæðan hátt.

Þó er handhafa EBE-gerðarviðurkenningar á aðskilinni tæknieiningu sem veitt er samkvæmt þessari grein samt sem áður skylt, ekki einungis að útfylla vottorð sem kveðið er á um í 2. mgr. 5. gr., heldur einnig að festa á hverja einingu sem framleidd er í samræmi við viðurkenndu gerðina viðskiptaheiti eða -merki, gerð og, ef sértilskipun kveður svo á, einnig gerðarviðurkenningarnúmer.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við 11. gr.:

„Málsmæðferð þessi gildir einnig þegar bæta skal ákvæðum um EBE-gerðarviðurkenningu á aðskildum tæknieiningum inn í sértilskipanir.“

c) Eftirfarandi liðir bætist við I. viðauka (Fyrirmynd að upplýsingaskjali).

— „8.4.4. Athafnarými ökumanns“,

— „8.4.5. Gluggar“.

d) Eftirfarandi liðir bætist við II. viðauka (Fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningavottorði):

— „7.4.4. Athafnarými ökumanns SD“,

— „7.4.5. Gluggar SD“.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari innan 18 mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júlí 1979.

Fyrir hönd ráðsins,

M. O'KENNEDY

forseti.